

BÍÓ ★ PARADÍS

Reykjavík, 26.10.2023

Stefán Vagn Stefánsson,
Formaður fjárlaganefndar Alþingis,
Fjárlaganefnd
Alþingishúsinu
Kirkjustræti,
101 Reykjavík

Umsókn um stuðning við kvikmyndamenningarhúsið Bíó Paradís á árinu 2024

Heimili kvikmyndanna - Bíó Paradís ses. fer þess á leit við fjárlaganefnd að hún styrki starfsemi þess um **50 mkr.** á árinu 2024.

Bíó Paradís er eina kvikmyndamenningarhús landsins og er sjálfseignastofnun í eigu fagfélaga kvikmyndagerðarfólks. Markmið félagsins er að efla kvikmyndamenningu og bjóða upp á kvikmyndafræðslu á Íslandi.

Bíó Paradís tekur á móti 8.000 grunnskólanemum og 3.000 framhaldsskólanemum á ári í kvikmyndalæsiskenndu, sýnir allar nýjar íslenskar kvikmyndir og heimildamyndir, stendur fyrir reglubundnum sýningum á íslenskum kvikmyndaarfi í samstarfi við Kvikmyndasafn Íslands, sýnir klassískar myndir og nýjar listrænar kvikmyndir, nýjustu kvikmyndirnar frá Norðurlöndunum og Póllandi og stendur fyrir fjöldanum öllum af dagskrárliðum, viðburðum og alþjóðlegum hátíðum í samstarfi við erlend sendiráð og stofnanir, allan ársins hring. Með þessu stuðlar Bíó Paradís að aðgengi að straumum og stefnum í kvikmyndagerð, eflir kvikmyndalæsi og stendur fyrir fræðslu í samstarfi við kvikmyndafræðing sem hefur þróað kvikmyndalæsiskenndu í yfir 12 ár.

Bíó Paradís rekur fyrstu og einu kvikmyndahátíðina sérstaklega ætlaða börnum, Alþjóðlega Barnakvikmyndahátíð í Reykjavík, sem er 10 ára í ár og endurvakti Kvikmyndahátíð í Reykjavík sem nú heitir Stockfish kvikmyndahátíð - hátíð kvikmyndagerðarfólks á Íslandi, stendur fyrir Franski kvikmyndahátíð, Þýskum kvikmyndadögum, sýningum í tengslum við Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs, auk þess að bjóða upp á ótal marga smærri viðburði, m.a. í tengslum við grasrót kvikmyndagerðar á Íslandi.

Bíó Paradís stendur einnig fyrir kvikmyndaviðburðum fyrir landsbyggðina alla – og núna eru hundruðir leik- og grunnskólanema á landsbyggðinni skráðir í kvikmyndalæsiskenndu á Barnakvikmyndahátíðinni, en Bíó Paradís leggur til sýningar á 10 talsettum barnakvikmyndum

Hverfisgata 54, 101 Reykjavík

www.bioparadis.is

Sími 412 7712

Heimili kvikmyndanna ses (Bíó Paradís) er sjálfseignarstofnun sem sett var á fót af samtökum kvikmyndagerðarmanna með það að markmiði að efla kvikmyndamenningu og kvikmyndafræðslu á Íslandi. Starfsemin og kvikmyndahúsið eru rekin án hagnaðarsjónarmiða.

BÍÓ ★ PARADÍS

auk kennslugagna fyrir kennara á landsbyggðinni, þeim að kostnaðarlausu, á meðal hátíðinni stendur.

Staða félagsins

Samningar hússins við ríki og borg voru endurnýjaðir árið 2020 með það fyrir augum að endurnýja leigusamning við Hverfisgötuna, ráðast í endurbætur hússins og tryggja sjálfbæran rekstur þessa eina kvikmyndamenningarhúss landsins. Nú er svo komið að sjálfbærni hússins er í hættu vegna skuldastöðu sem má einkum rekja til þriggja breytinga síðan samningar voru gerðir:

Húsnæðiskostnaður

Nýr húsaleigusamningur við eigendur hússins var gerður samfara nýjum samningum við ríki og borg til 10 ára. Samið var um hækkun húsaleigu í þrepum sem náði hámarki 1. janúar 2023. Húsaleigan er vísitölutengd og hefur því hækkað talsvert á tímabilinu og sömuleiðis þurfti félagið að fjármagna og leggja til eiganda hækkun á leigutryggingu sem jafngildir jafnan þriggja mánaða leigu. Hefur því húsnæðiskostnaður **hækkað um 134% á tímabilinu, en upphaflegir samningar gera ráð fyrir 87% hækkun** á leigu á tímabilinu.

Endurbætur húsnæðis og aðgengi fatlaðra

Ráðist var í talsverðar endurbætur á húsinu sem var í verulegu lamasessi. Þar af voru kostnaðarsömustu framkvæmdirnar sumarið 2022 sem fólu í sér algjöra endurnýjun salerna og **aðgengi fatlaðra í allt húsið**, þar með talda sali 2 og 3 sem hafa aldrei verið aðgengilegir hjólastólum. Einnig var byggt sérstakt salerni fyrir hreyfihamlaða. Þessi liður framkvæmdanna var unninn í samstarfi við Mannvit verkfræðistofu sem útfærði eldvarnir og öryggisstaðla og Svövu Jónsdóttur arkitekt sem sérhæfir sig í hönnun á aðgengi fatlaðra.

Aðgengið útheimti ýmsar kostnaðarsamar lausnir, lyftu sem opnast inn í sérstakt anddyri þar sem er opið milli sala, sjálfvirkar hurðapumpur, rampa inn í sal 1 og upp á efri pall, sérstök hjólastólastæði inni í hverjum sal og ýmislegt fleira. Eins og gefur til kynna þegar ráðist er í framkvæmdir á eldra húsnæði, þá reynast þær oft vanátlaðar þegar á reynir, sérstaklega þegar ástand innréttinga kemur í ljós við framkvæmdir. Og kölluðu framkvæmdirnar meðal annars á gjörvalla endurnýjun brunakerfis sem aldrei hafði verið almennilega lagt og svo framvegis, sem áttu stóran þátt í því að framkvæmdir fóru fram úr kostnaðaráætlun. Framkvæmdirnar sem voru fjármagnaðar með láni frá Arion banka og sjálfsaflafé fóru því **25% fram úr áætlun** og lauk ekki fyrr en um áramótin 2022.

Hverfisgata 54, 101 Reykjavík

www.bioparadis.is

Sími 412 7712

Heimili kvikmyndanna ses (Bíó Paradís) er sjálfseignarstofnun sem sett var á fót af samtökum kvikmyndagerðarmanna með það að markmiði að efla kvikmyndamenningu og kvikmyndafræðslu á Íslandi. Starfsemin og kvikmyndahúsið eru rekin án hagnaðarsjónarmiða.

BÍÓ ★ PARADÍS

En þess má geta að þessar framkvæmdir hafa valdið byltingu í aukinni þjónustu við fjölmarga hópa sem hingað til var ekki hægt að taka á mót í Bíó Paradís. Nú má sjá veruleg merki þess á dagskránni, en á hverjum miðvikudegi er boðið uppá miðvikudagsbíó í samstarfi við öll hjúkrunarheimili, félagsmiðstöðvar eldri borgara og ýmis dagsetur fatlaðra. Bíó Paradís hefur verið að bjóða uppá sérstakar sýningar fyrir blinda, einhverfa og heilabílaða, og settur hefur verið upp tónmökvi í bíósölum fyrir þá sem nota heyrnartæki og er Bíó Paradís fyrsta og eina kvikmyndahúsið á Íslandi sem býður upp á þessa þjónustu.

Hækkun launakostnaðar og aðfanga

Launakostnaður hefur hækkað umtalsvert á tímabilinu sem og kostnaður við helstu aðföng hússins, sem er kvikmyndaefni og tækniþjónusta. Inn í þetta spilar verðbólga og kjarasamningar en Heimili kvikmyndanna greiðir öll laun og réttindi starfsmanna samkvæmt kjarasamningum VR. **Launakostnaður félagsins hefur hækkað um 30% á tímabilinu og kostnaður við aðföng um 15%.**

Niðurstaða

Samtals má áætla að þessir auknu kostnaðarliðir séu erfið en tímabundin staða - en ef ekkert er að gert mun hún sliga félagið sem getur ekki rekið mikið tap á undan sér. Þess vegna óskar stjórn Heimilis kvikmyndanna þess að fjárlaganefnd styðji við rekstur Bíó Paradísar árið 2024 um **50 mkr.** vegna kostnaðar við að bæta aðstöðu hússins.

Fjárframlag þetta myndi tryggja það að aðgengi allra og viðunandi aðstæður kvikmyndamenningarhússins Bíó Paradís sé tryggð. Húsið og starfsemi þess er hið eina sinnar tegundar á landinu og þjónar ótal hópum með ólíkar þarfir allt árið um kring.

Virðingarfyllt,

Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis kvikmyndanna ses.

Hverfisgata 54, 101 Reykjavík

www.bioparadis.is

Sími 412 7712

Heimili kvikmyndanna ses (Bíó Paradís) er sjálfseignarstofnun sem sett var á fót af samtökum kvikmyndagerðarmanna með það að markmiði að efla kvikmyndamenningu og kvikmyndafræðslu á Íslandi. Starfsemin og kvikmyndahúsið eru rekin án hagnaðarsjónarmiða.